

FRÉTTATILKYNNING

Dags. 03.04.2001

Samkeppnisráð sektar fyrirtæki á grænmetis- og ávaxtamarkaði fyrir ólöglegt samráð um verð og markaðsskiptingu

Samkeppnisráð hefur með ákvörðun sinni þann 30. mars sl. sektað þrjú fyrirtæki sem annast hafa heildsöludreifingu á grænmeti og ávöxtum um samtals 105 milljónir króna, fyrir að hafa með alvarlegum hætti brotið bann samkeppnislaga við verðsamráði og markaðsskiptingu. Er þetta í fyrsta sinn sem samkeppnisráð beitir sektarheimildum samkeppnislaga en samkomulag milli fyrirtækja um verð og skiptingu markaða er með alvarlegustu samkeppnishömlum fyrirtækja. Að mati samkeppnisráðs felur slík hegðun í raun í sér samsæri gegn neytendum sem veldur þeim tjóni, þar sem þeir þurfa að greiða hærra verð en ella fyrir viðkomandi vöru.

I.

Ólöglegt samráð SFG, Mata og Ágætis

Rannsókn samkeppnisyfirvalda á málinu leiddi í ljós að á árinu 1995 náðu Sölufélag garðyrkjumanna og tengd fyrirtæki (SFG), ásamt Ágæti og Mata, samkomulagi sín á milli um víðtækt ólöglegt verðsamráð og markaðsskiptingu í viðskiptum með grænmeti, kartöflur og ávexti. Í niðurstöðu samkeppnisráðs kemur fram að fyrirtækin hafi myndað með sér nokkurs konar einokunarhring með það að markmiði að draga úr samkeppni sín á milli og hækka verð á þessum vörum. Í brotum fyrirtækjanna felst m.a. að þau sömdu um að hafa áhrif á og jafnvel stjórna heildsöluverði hvers annars á tilteknum tegundum grænmetis og ávaxta og miða við svokölluð „rauð strik“, sem verðið mátti ekki fara undir. Með þeim hætti var verðsamkeppni á milli fyrirtækjanna í umræddum tegundum í raun útrýmt. Auk þess hefur t.d. verið sýnt fram á að fyrirtækin hafi skuldbundið sig til þess að keppa ekki hvert við annað á tilteknum sviðum og var m.a. samið um sérstakar greiðslur milli fyrirtækjanna ef staðið var við þær skuldbindingar.

Í gögnum sem samkeppnisyfirvöld öfluðu í málinu, og innihalda m.a. fundargerðir fyrirtækjanna, minnisblöð af fundum þeirra, bókanir og ýmis samningsdrög, kemur tilgangurinn með samráði fyrirtækjanna skýrt fram og í hverju það hefur falist. Þar kemur m.a. fram að rétt fyrir upphaf samstarfsins taldi framkvæmdastjóri Ágætis „*einu færni leiðina til verðhækkana að ná samningum*“. Þá var bókað í fundargerð SFG að „*beita yrði öllum ráðum til að hysja verðin upp*.“ Á stjórnarfundi Ágætis í janúar 1995 var bókað að aðal markmið með samstarfi við Sölufélagið „*yrði að vera að ná hærri verðum og minnka spennuna á markaðnum vonandi til hagsbóta fyrir fyrirtækin og ekki síður framleiðendur*.“ Á grundvelli þessa gengu fyrirtækin til

samstarfs skv. þeim sönnunargögnum sem liggja fyrir í málinu. Stjórnarformaður SFG útskýrði inntak samstarfsins við Ágæti á þann hátt á aðalfundi í mars 1995 „að samstarfið fælist í því að samráð yrði haft í öllum verðum og ýmsu öðru.“ Þá var bókað að SFG og Ágæti hefðu „bundist trúnaðarböndum“. Í málinu liggur einnig fyrir að framkvæmdastjórar keppinautanna SFG og Mata náðu samkomulagi um að „Mata drægi sig út af Suðurnesjum með banana.“ Einnig hefur komið fram að Mata þáði greiðslur af SFG gegn því að Mata byði ekki banana í tiltekna verslanir í samkeppni við SFG. SFG greiddi einnig Ágæti fé fyrir að hefja ekki samkeppni í innflutningi og þroskun á banönum.

Í niðurstöðu samkeppnisráðs kemur fram að þannig hafi fyrirtækin með ýmiss konar samráði samstillt aðgerðir sínar á markaði fyrir heildsölu og dreifingu á grænmeti, kartöflum og ávöxtum og skaðað þannig alvarlega hagsmuni neytenda og þjóðfélagsins alls. Í kjölfarið skapaðist ástand á umræddum markaði sem einkenndist af lítilli samkeppni milli fyrirtækjanna og frá og með árinu 1996 varð fyrirtækjunum í bókunum sínum tíðrætt um „jafnvægi“ og „stöðugleika“. Þetta tímabil er í gögnum fyrirtækjanna kallað „friðurinn“. Þannig var t.d. bókað á stjórnarfundum Ágætis á árinu 1996: „[x] talaði um samkeppnisaðilana og spurði hversu dýru verði friðurinn væri keyptur. Fram kom að það er auðvelt að eyða öllum hagnaðinum sem myndast hefur á árinu.“

Að mati samkeppnisráðs er hér um að ræða mjög alvarleg brot á samkeppnislögum sem ljóst er að fyrirtækin hafa framið af ásetningi. Kjarninn í samkeppnisreglum er að mati ráðsins sá, að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um verð og markaðshæðun sína og keppi þannig sín á milli, til hagsbóta fyrir neytendur og þjóðfélagið almennt. Þegar fyrirtæki, sem eiga að vera keppinautar, taka sig saman á þennan hátt og hafa með sér samvinnu um verðlagningu eða tiltekna hæðun á markaði eru þau að brjóta mikilvægustu reglur samkeppnislaga og svipta neytendur þeim ávinningi sem samkeppnin á að skila þeim.

Í ákvörðun samkeppnisráðs er bent á að ekki sé hægt að líta framhjá því að íslensk stjórnvöld veita innlendum grænmetisframleiðendum umtalsverða vernd gagnvart erlendri samkeppni í formi tolla. Því er það mjög alvarlegt að SFG og Ágæti, sem eru fyrirtæki sem hafa verið í eigu grænmetisframleiðenda sem veitt er þessi tollavernd, brjóta samkeppnislög í því skyni að halda uppi verði á grænmeti. Við þessar kringumstæður verður skaði neytenda meiri þar sem aðgangur erlends grænmetis að markaðnum er takmarkaður í þágu innlendra framleiðenda. Má halda því fram að hin opinbera vernd hafi verið misnotuð.

SFG, Ágæti og Mata hafa gerst sek um alvarleg brot á samkeppnislögum sem að mati samkeppnisráðs er nauðsynlegt að bregðast við með þeim viðurlögum sem gert er ráð fyrir í samkeppnislögum. Sektir skv. lögnum geta numið frá 50 þúsundum til 40 milljóna króna eða meira, en þó ekki meira en sem nemur 10% af veltu viðkomandi starfsemi.

Við ákvörðun sekta ber samkeppnisráði m.a. að líta til eðlis og umfangs brotanna og hversu lengi þau hafa staðið. Þau alvarlegu brot sem um ræðir í þessu máli hafa staðið yfir um árabil og voru enn við lýði á árinu 1999. Miðað við alvarleika málsins hefur samkeppnisráð gert Sölufélagi garðyrkjumanna að greiða 40 milljóna króna sekt í ríkissjóð. Ágæti er gert að greiða 35 milljónir og Mata er gert að greiða sekt upp á 30 milljónir króna.

II.

Ólögmaett samráð í grænmetis- og kartöfluframleiðslu

Auk þessa kemst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni að ólöglegt verðsamráð og framleiðslustýring hafi átt sér stað innan SFG annars vegar og innan Ágætis hins vegar, milli grænmetisframleiðenda innan félaganna.

SFG og grænmetisframleiðendur hafa frá gildistöku samkeppnislaga haft með sér verðsamráð og samráð um framleiðslustýringu og ýmiss konar aðgerðir sem höfðu það að markmiði að draga úr framboði og hækka þar með verð á grænmeti. Innan SFG var þannig í gildi kvótakerfi í framleiðslu á útiræktuðu grænmeti. Á aðalfundi SFG 1996 lýsti formaður stjórnar að í kvótakerfinu fælist að unnið væri „*eftir óformlegum leikreglum til að halda uppi verði*“. Kvótakerfið takmarkaði hvað hver framleiðandi gat framleitt og hafði hamlandi áhrif á þá. Á árinu 1998 taldi trúnaðarmaður útiræktenda í SFG að kvótakerfið hefði þau áhrif „*að menn geti hvorki stækkað né minnkað né gert framleiðsluna hagkvæmari*“. Í ylræktuðu grænmeti var í gildi svonefnt „*glerstoppsamkomulag*“. Í því fólst bann við frekari fjárfestingu framleiðenda í gróðurhúsum í því skyni að draga úr framboði á ylræktuðu grænmeti og hækka þar með verð eða vinna gegn verðlækkunum. Samkomulaginu var fylgt eftir í framkvæmd sem sést m.a. af því að framleiðendur fóru fram á leyfi stjórnar SFG til að ráðast í fjárfestingu. Þannig kemur t.d. fram í fundargerð SFG á árinu 1998 að tiltekinn tómat framleiðandi hafi farið fram á að auka framleiðslu sína. Í fundargerðinni segir að framleiðandinn hafi farið „*fram á, þar sem hann sé að endurbýggja gróðurhús sín, að nýta þá 5 metra sem séu milli húsa, undir gler*“. Beiðni framleiðandans var hafnað og bókað að ein eftirgjöf myndi kollvarpa „*glerstoppsamkomulaginu*“. Í ákvörðun samkeppnisráðs segir að SFG og framleiðendur hafi með þessum aðgerðum brotið gegn banni samkeppnislaga við verðsamráði og markaðsskiptingu.

Í ákvörðun samkeppnisráðs er einnig komist að þeirri niðurstöðu að Ágæti og framleiðendur innan Ágætis hafi haft með sér ólögmaett verðsamráð og hafi á grundvelli svokallaðra afsetningarreglna viðhaft framleiðslustýringu og markaðsskiptingu í því skyni að draga úr samkeppni og hækka verð á grænmeti og kartöflum. Í gögnum málsins kemur fram að framleiðslustýringin hafi stundum haft þau áhrif að afurðum var hent til að vinna gegn því að aukið framboð mundi lækka verð. Á aðalfundi Ágætis er bókað eftir formanni stjórnar „*að það þarf sterk bein til að henda kartöflum fyrir ekki neitt.*“

...

Samkeppnisstofnun hyggst á næstu dögum hefja rannsókn á því hvort samningar milli dreifingaraðila grænmetis og smásala séu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Ákvörðun samkeppnisráðs (135 bls.) er hægt að nálgast hjá Samkeppnisstofnun eða á heimasíðu stofnunarinnar: www.samkeppni.is